

Ed. **99. Frumvarp til laga** **[71. mál]**

um breyting á lögum nr. 13 4. marz 1949, um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berkaskjúklinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

a-liður 1. gr. laganna orðist svo:

Hlutatalan má ekki fara fram úr sextíu og fimm þúsundum. Draga skal í 12 flokkum á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk 10. janúar ár hvert og síðan 5. dag hvers mánaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi 1. gr. laga nr. 76 26. nóv. 1952.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 1. gr. laga nr. 76/1952 er svo ákveðið, að hlutatala í Vöruhappdrætti Sambands ísl. berkaskjúklinga megi ekki fara fram úr fimmtíu þúsundum. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að hlutatalan megi vera sextíu og fimm þúsundir.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni stjórnar S. Í. B. S. Sambandið skortir fé til þess að koma upp nauðsynlegum mannvirkjum, sem eftir er að reisa að Reykjalandi. Stjórn þess telur hins vegar að unnt sé að afla aukins fjár með því að selja fleiri hluti en leyfðir eru samkv. gildandi lögum, og er því lagt til, að leyft verði að hækka hlutatöluna eins og að framan segir.